

Úrlausn útlánavandamála

- NBI, Nýi Glitnir og Nýja Kaupþing koma sér saman um aðgerðir

Framundan er mikil vinna við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Miklir hagsmunir eru í húfi hjá kröfuhöfum, skuldurum og þjóðfélaginu öllu. Mikilvægt er að ferlið sé gagnsætt og sanngjarnt og að stuðlað sé að aukinni samkeppni í atvinnulífinu. Koma þarf í veg fyrir að tímabundnir erfiðleikar og ósamkomulag kröfuhafa leiði til falls lífvænlegra fyrirtækja.

Á meðan unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu lífvænlegra fyrirtækja þarf að leitast við að þau haldi áfram starfsemi. Í þeirri vinnu verður fyrst og fremst litið til hagsmuna fyrirtækjanna sjálfra og reynt að tryggja framtíð þeirra.

Með vísun til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 2. desember sl. um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem meðal annars beint var til hinna nýju banka, hafa Nýi Glitnir hf., Nýja Kaupþing hf. og NBI hf. komið sér saman um eftirfarandi aðgerðir:

- 1) Bankarnir miða að því að starfa eftir áleti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, frá 12. nóvember 2008 og sjái um að kynna það fyrir starfsmönnum sínum.
- 2) Að stofnað verði embætti umboðsmanns viðskiptamanna í hverjum banka í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar. Umboðsmaður taki til starfa eins fljótt og unnt er.
- 3) Að tekið verði mið af alþjóðlegum viðmiðum (London Approach) sem mynda ramma um úrvinnslu flókinna lánamála og stuðla að yfirveguðum ákvörðunum í hverju máli, þar sem talið er að hefðbundin réttarfarsúrræði laga henti ekki.
- 4) Hver banki eða bankarnir sameiginlega munu setja á stofn umsýslufélög sem hafa það hlutverk að yfirtaka eignarhluti í fyrirtækjum sem bankinn hefur eignast. Bankar kunna þó að þurfa tímabundið að halda hlutum í fyrirtækjum á meðan verið er að vinna að úrlausn á vanda þeirra.

Framangreindum aðgerðum er ætlað að stuðla að því að úrvinnsla útlánavandamála hjá hinum nýju bönkum verði eins gegnsæ og sanngjörn og kostur er og allir meginferlar séu skýrir.

Aðgerðunum er ætlað að tryggja að viðskiptaleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við úrlausn útlánavandamála. Hafa verður í huga að þrátt fyrir að bankarnir setji sér sameiginleg meginviðmið getur misjöfn staða fyrirtækja kallað á ólíkar aðferðir við úrlausn skuldavanda.

Nýi Glitnir, Nýja Kaupþing og NBI lúta samkeppnislögum líkt og önnur fyrirtæki í landinu. Samkeppniseftirlitið hefur heimilað hinum nýju bönkum að vinna saman að þessu mikilvæga máli enda kalla stjórnvöld eftir samræmdum vinnureglum.

Nánari upplýsingar um einstök atriði má nálgast hér að aftan.

1. Álit Samkeppniseftirlitsins

Í álit Samkeppniseftirlitsins, nr. 3/2008, beinir eftirlitið því til viðskiptabanka sem eru í eigu ríkisins að við ákvarðanir sem áhrif geta haft á framtíð fyrirtækja og samkeppni á Íslandi verði höfð hliðsjón af tíu meginreglum. Hver banki mun kynna þær starfsmönnum útlánasviða sinna og lánanefndir afgreiða mál með hliðsjón af þeim.

2. Embætti umboðsmanns viðskiptamanna

Bankaráð munu eins skjótt og kostur er skipa sérstakan umboðsmann viðskiptamanna sem hefur það hlutverk að yfirfara verklagsreglur og verkferla og fylgjast með framkvæmd þeirra. Í starf umboðsmanns verður valinn aðili, sem hefur reynslu af úrlausn lánamála.

Viðskiptavinir eða nýir fjárfestar geta leitað til umboðsmannsins eftir álit hans telji þeir að sanngirni hafi ekki verið gætt í þeirra málum. Nái umboðsmaður og lánanefnd bankans ekki saman um úrlausn, skal málinu skotið til stjórnar bankans.

3. Rammi við úrlausn skuldavanda

Erfið skilyrði á fjármálamörkuðum og samdráttur í hagkerfinu valda því að jafnvel vel rekin fyrirtæki standa frammi fyrir fjárhagslegum erfiðleikum. Þegar greiðsluferfiðleikar eru víðtækir kunna hefðbundin úrræði réttarfarslaga að eiga ekki jafn vel við og ella. Mikilvægt er að hægt sé að leysa hratt og vel úr skuldavanda fyrirtækjanna og helst með frjálsum samningum. *The London Approach* eru alþjóðleg viðmið um úrlausn flókinna lánamála á grundvelli frjálsra samninga kröfuhafa. Viðmiðin, sem eru ekki lagalega bindandi, fela í sér leiðir fyrir kröfuhafa til að vinna sameiginlega að því markmiði að aðstoða lífvænleg fyrirtæki sem eru í fjárhagsvandræðum. Meginmarkmið þeirra er að koma í veg fyrir að lífvænleg fyrirtæki verði gjaldþrota vegna deilna eða úrræðaleysis kröfuhafa. Með þeim er þannig stefnt að því að hámarka verðmæti eigna, lágmarka útlánatöp, vernda störf og viðhalda framleiðslugetu hagkerfisins. London Approach felur ekki í sér forskrift fyrir úrlausn einstakra mála heldur er aðferðafræði sem bankarnir hyggjast fylgja þegar því verður við komið.

Þessi viðmið hafa verið höfð til hliðsjónar við úrlausn skuldavanda fyrirtækja í flestum bankakreppum undangengin ár, t.d. í Asíu í lok síðustu aldar. Þau þykja hafa gefið ágæta raun; flýta fyrir úrlausn mála og þar með endurreisn atvinnulífsins. Þá hafa þau þann ótvíræða kost að alþjóðlegir kröfuhafar þekkja til þeirra og treysta. Með tilvísun í þessi viðmið er gert ráð fyrir að kröfuhafar fylgi eftirfarandi ferli við úrlausn flókinna skuldamála:

- 1) Ef fleiri en einn banki er í hópi kröfuhafa komi bankarnir og viðkomandi fyrirtæki sér saman um einn banka sem hafi forsvar á málinu. Sá banki sjái til þess að eðlilegt upplýsingaflæði sé á milli þeirra sem að málinu koma. Eftir atvikum, sérstaklega í stærri málum, geta aðilar komið sér saman um að skipa sérstaka kröfuhafanefnd (creditors committee).

- 2) Þar sem það á við ætti bankinn að leitast við að sammælast við aðra kröfuhafa um að þeir gangi tímabundið ekki að fyrirtækjum í vanskilum, reynist slíkt forsenda þess að hægt sé að vernda verðmæti. Slíkur frestur skal einungis veittur ef allir kröfuhafar eru honum samþykkir. Frestur sem þannig gefst skal nýttur til að meta stöðu fyrirtækisins á yfirvegaðan hátt, þar með talið að afla upplýsinga og ákveða lausn skuldavandans. Í þeim tilvikum skulu kröfuhafar fela þeim banka sem er í forsvari fyrir málinu, eða kröfuhafanefndinni, að vinna að lausn málsins. Á meðan á slíkum fresti stendur er fyrirtæki óheimilt að ráðstafa eignum eða grípa til annarra mikilsverðra ráðstafana varðandi efnahag og rekstur, nema í samráði við kröfuhafa eða nefnd þeirra.
- 3) Stjórnendur fyrirtækisins skulu leggja fram rekstraráætlun, ásamt áætlun um hvernig bæta má rekstur og lækka skuldir. Ef þörf þykir geta kröfuhafar farið fram á að óháður aðili leggi mat á rekstraráætlunina (due diligence).
- 4) Kröfuhafar sem gangast undir ofangreint (sbr. lið 2) skuldbinda sig til að fallast á úrlausnir einstakra mála þegar a.m.k. 75% kröfuhafa (m.v. verðmæti krafna) samþykkja tiltekna lausn.
- 5) Kröfuhafar geta skotið ágreiningsefnum sínum til óháðs matsaðila, gerðardóms, sem samanstandi af þremur sérfróðum aðilum. Lagadeildir Háskólans á Bifröst, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík skipi einn fulltrúa hver í gerðardóminn. Gerðardómurinn mun setja sér reglugerð um málsmeðferð.

4. Umsýslufélög yfirtekinna eigna

Bankarnir eru bundnir af 21. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og leiðbeinandi tilmælum FME nr.1/2004 meðal annars um tímabundna eign í félögum til fullnustu kröfu. Hver banki eða bankarnir sameiginlega munu setja á stofn umsýslufélög sem hafa það hlutverk að yfirtaka eignarhluti í fyrirtækjum sem bankinn hefur eignast. Bankar kunna þó að þurfa tímabundið að halda hlutum í fyrirtækjum á meðan verið er að vinna að úrlausn á vanda þeirra.